

Sp.

172. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1961.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Við afgreiðslu fjárlaga nú er fylgt sömu reglu sem fylgt hefur verið að undanfögnu, að meiri hluti fjvn. gerir grein fyrir þeim tillögum, sem fluttar eru í umboði allrar nefndarinnar.

Aðild okkar fulltrúa Framsóknarflokksins í fjárveitinganefnd að tillögunum á þskj. 162 er með þeim hætti, að við höfum óbundnar hendur um fylgi við þær í heild og einnig við hverja einstaka þeirra, þótt við að sjálfsögðu fylgjum öðrum, enda sumar þeirra tillögur, sem við hördumst fyrir á síðasta þingi, svo sem framlag til kaupa á jarðræktarvélum, sem nú hefur verið tekið upp, þótt í litlu sé.

Sömu sögu er að segja um aukið fjárframlag til byggingar sjúkrahúsa og læknisbústaða, til viðbótarhúsnæðis landsspítalans, til vatnsveitna og sandgræðslu. Allt eru þetta mál, sem við gerðum tilraun til að fá auknar fjárveitingar til við

síðustu fjárlagaafgreiðslu, en án árangurs þá. Við fögnum því, að þessi nauðsyn er nú viðurkennd.

Um fjárlagafrv. í heild viljum við hins vegar taka fram, að Framsóknarflokkurinn er andvígur þeirri eyðslustefnu, sem einkennir það. Framsóknarflokkurinn fylgir þeirri stefnu við afgreiðslu fjárlaga, að álögum sé stillt í hóf og stuðningur ríkisins við uppbyggingu í landinu og við atvinnuvegina sé sem mestur. Sú stefna er í andstöðu við þetta fjárlagafrv., eins og sýnt verður fram á. En áður en að fjárlagafrv. er vikið frekar, verður gerð nokkur grein fyrir þróun fjármála ríkissjóðs síðustu árin.

Framsóknarflokkurinn fór með fjármál ríkissjóðs frá árinu 1950 þar til í árslok 1958, er núverandi valdasamsteypa var mynduð. Þetta tímabil er eitt hið glæsilegasta í sögu þjóðarinnar. Af rekstrarútgjöldum fjárlaganna var 28.5% varið til uppbyggingar í landinu og til atvinnuveganna. Skuldir ríkissjóðs lækkuðu, og eignir jukust. Greiðsluafgangur var flest árin, og honum var einnig að verulegu leyti varið til uppbyggingarinnar. Þegar Framsóknarflokkurinn skilaði fjármálum ríkissjóðs í hendur núverandi stjórnarflokka, var um verulegan greiðsluafgang að ræða hjá ríkissjóði, sem varð þeim að miklu liði við fjárlagaafgreiðslu 1959.

Stjórnarsamsteypa Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins hefur nú farið með völdin í landinu í tvö ár. Ástæða er til að athuga, hvernig til hefur tekizt með stjórn þeirra á fjármálum ríkissjóðs. Athygli skal vakin á því, að kaupgjald hefur á þessum tíma verið lækkað með lögum um 5.4%, svo að gjöld ríkissjóðs hafa af þessari ástæðu getað lækkað. Þá skal og á það bent, að kjaraskerðing er mun meiri en þetta, þar sem aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa þrengt kosti almennings svo mjög, að talið er, að kaupmáttur launa hafi lækkað úr 109, sem hann var í janúar 1959, í 86, eins og hann er nú, miðað við 100 árið 1945.

Þegar kjör alls almennings eru svo skert eins og hér hefur gerzt, er það krafa þjóðarinnar til valdhafanna, að þeir gæti fyllstu varfærni og sparsemi um meðferð ríkisfjár, svo að álögum á almenning sé í hóf stillt. Núverandi valdhafar höfðu í stjórnarandstöðu prédikað mikið um sparnað og hagsýni í ríkisrekstrinum og töldu, að ekki þyrfti nema „réttisýni og kjark“ til að koma honum við. Þeir höfðu jafnvel tekið svo djúpt í árinu að segja, að það stefndi í fullkomið óefni, ef fjárlög hækkðu ár frá ári.

Skal nú skoðað í ljósi staðreyndanna, hvernig til hefur tekizt með fjárstjórn ríkisins í þeirra höndum. Ef samanburður er gerður á fjárlagafrv. því, er hér liggur fyrir til 2. umræðu, og fjárlögum ársins 1958 að viðbættum niðurgreiðslum, er útflutningssjóður annaðist þá, en ríkissjóður nú, kemur í ljós, að hækkun fjárlaga á þessum tveimur árum nemur yfir 700 millj. kr. Á sama tíma hafa framlög til verklegra framkvæmda og til atvinnuveganna lækkað úr 28.5% í 18.6% af rekstrarútgjöldum fjárlaga. Það vekur ekki litla undrun, að þannig skuli vera á fjármálum þjóðarinnar haldið, í algeru ósamræmi við margendurteknar yfirlýsingar stjórnarliða frá fyrri árum.

Þá er þjóðinni í fersku minni, að í fjárlagaræðunni fyrir árið 1960, er fjármálaráðherra flutti í febr. s. l., boðaði hann, að við undirbúning fjárlagafrv. fyrir árið 1961 yrði framkvæmd heildarathugun á ríkisútgjöldum og gerðar allar til-tækilegar ráðstafanir til sparnaðar. Fjárlagafrv. það, sem hér liggur fyrir til afgreiðslu, er samt sem áður mesta eyðslufjárlagafrv., er um getur í sögu þjóðarinnar. Það er árangurinn af þeirri heildarathugun, er fjármálaráðherra og stuðningslið hans hefur gert á fjármálum ríkisins, og jafnframt afleiðing af tveggja ára fjármálastjórn Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins, þar sem stefna þeirra hefur ráðið. Skal nú vikið að því.

Þegar fjárlög fyrir árið 1960 voru til afgreiðslu á s. l. vetri, gerðum við ráð fyrir, að þau mundu skila verulegum tekjuafgangi umfram áætlun. Stjórnarliðar viðurkenndu, að svo mundi verða. Hins vegar voru um það skiptar skoðanir, hvort

ríkisstjórnin ætti að hafa greiðsluafganginn til ráðstöfunar eða hvort Alþingi ætti að ráðstafa meira af honum en fjárlagafrv. gerði þá ráð fyrir. Ástæðan fyrir því, að talið var eðlilegt, að tekjur ríkissjóðs færu fram úr áætlun núgildandi fjárlaga, var sú, að samdráttur í efnahagslífinu gæti tæplega orðið svo fljótt sem núgildandi fjárlög gera ráð fyrir.

Ekkert liggur fyrir um það nú, hver fjárhagsafkoma ríkissjóðs kann að verða á þessu ári, en eftir þeim upplýsingum að dæma, er fyrir fjvn. lágu, virðast áhrif samdráttarstefnunnar ætla að verða meiri og koma fyrr fram en jafnvel þeir ætluðu, er fyrir henni standa. Þó ber þess að geta, að ekki lágu fyrir fjvn. upplýsingar um, hvernig innflutningsáætlun fyrir þetta ár hefur staðizt í framkvæmd að því er varðar skiptingu milli vöruflokka fram til 1. nóv. 1960, eins og óskað var eftir að efnahagsmálaráðuneytið upplýsti. Það má því segja, að upplýsingar, er varða afkomu þessa árs, eru það takmarkaðar, að ekkert verður með vissu sagt, hvað líklegast er um afkomu ríkissjóðs á yfirstandandi ári.

Til þess að gera sér grein fyrir væntanlegum tekjum ríkissjóðs 1961 var í fyrsta lagi nauðsynlegt að fá fyllri upplýsingar um afkomu þessa árs heldur en tókst að afla. Í öðru lagi var nauðsynlegt að fá innflutningsáætlun fyrir næsta ár sundurgreinda eftir vöruflokkum, svo sem verið hefur. Ekki taldi efnahagsmálaráðuneytið sig geta látið hana í té að öðru leyti en því, að gert væri ráð fyrir, að heildarinnflutningurinn yrði rúmum 100 millj. kr. minni en þetta ár, þ. e. a. s. 2400 millj. kr. Í þriðja lagi vantaði fjvn. áætlun um gjaldeyristekjur næsta árs. Engar upplýsingar voru henni látnar í té þar að lútandi. Í fjórða lagi vantaði upplýsingar um, hvort gert væri ráð fyrir erlendu lánsfé og að hve miklu leyti. Mót venju fékk fjvn. ekki, þrátt fyrir margítrekaðar óskir, þessar upplýsingar. Hins vegar upplýsti ráðuneytisstjórinn í efnahagsmálaráðuneytinu fjvn. um það, að tekjur af Keflavíkurlugvelli hefðu farið vaxandi á þessu ári og mætti gera ráð fyrir, að þær tekjur héldust á næsta ári.

Um tekjuáætlunina fyrir árið 1961 er því það að segja, að ógerlegt er að átta sig á henni, þegar upplýsingar skortir og hún hefur legið fyrir í þremur mismunandi útgáfum:

1. Á fjárlagafrv., eins og það var lagt fyrir Alþingi í haust.
2. Endurskoðuð tekjuáætlun, er ráðuneytisstjóri efnahagsmálaráðuneytisins lagði fyrir fjvn. 24. nóv. s. l. og var með svipaða niðurstöðutölu og sú fyrri, þ. e. 1550.4 millj. kr. Á einstökum liðum hennar höfðu þó verið gerðar breytingar. Taldi ráðuneytisstjórinn óvarlegt að hækka tekjuáætlun nokkuð umfram það, sem þá var lagt til.
3. Meiri hluti fjvn. hækkaði svo þessa endurskoðuðu tekjuáætlun um 35 millj. kr. án þess að gera nokkra grein fyrir þeirri hækkun.

Það vekur athygli við þær litlu upplýsingar, er fjvn. hafði viðvíkjandi tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir næsta ár, að gert er ráð fyrir, að áhrif samdráttarstefnunnar fari verulega vaxandi, þar sem m. a. er reiknað með, að innflutningur á neyzluvörum dragist saman og innflutningur í heild minnki um 4.5%. Ástæðurnar fyrir þessum áætlaða samdrætti hljóta m. a. að vera þessar:

1. Að áhrif dýrtíðar fari vaxandi á næsta ári vegna þess, að þjóðin bjó við gamalt vöruverð fram eftir þessu ári og býr jafnvel enn að einhverju leyti, kjaraskerðing fari því enn þá vaxandi og samdráttur í viðskiptalífinu aukist, þegar hið nýja verðlag verður alls ráðandi.
2. Að gert er ráð fyrir, að atvinna minnki, og er þegar farið að bera á því, t. d. í byggingariðnaði. Munu stjórnarliðar gera ráð fyrir, að þessi samdráttur fari vaxandi næsta ár.

Þrátt fyrir það, að í grg. með fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár var boðað, að ekki yrði hækkaður söluskattur af innflutningi, var á útmánuðum lagður á 8% söluskattur, og var þá engin þörf talin á, að hann gildi nema þetta ár, og lögín

við það miðuð. Það veur því ekki litla athygli nú, að gert er ráð fyrir, að hann gildi áfram. Hvað veldur slíku?

Þetta munum við láta nægja um tekjuhlið frv. og snúa okkur að gjaldahlið þess.

Þegar fjármálaráðherra mælti fyrir fjárlagafrv. í okt. s. l., lá honum sparnaður mjög á tungu sem fyrr. Skýrði hann drjúgur frá því, að sá árangur hefði náðst af heildarendurskoðun fjárlaganna, að 10 af 14 greinum fjárlaga hefðu lækkað. Um leið boðaði ráðherra áframhaldandi sparnað.

Skal nú gerð grein fyrir því, hversu mikill sparnaður er á hinum tíu greinum, miðað við fjárlagafrv. við 2. umræðu og fjárlög þessa árs.

1. Kostnaður við æðstu stjórn landsins lækkar um 38 þús. kr.
2. Gert er ráð fyrir, að vaxtagjöld ríkissjóðs lækki um 96 þús. kr. Frá því er skýrt í nál. hér að framan, að skuldir ríkissjóðs hafi lækkað í stjórnartíð Framsóknarflokksins. Vaxtalækkun ríkissjóðs á þessu ári er afleiðing þeirrar fjármála-stefnu, er þá var, en ekki verk þeirra, er nú fara með fjármál ríkisins.
3. Alþingiskostnaður á að lækka um 1 millj. kr. Gert er ráð fyrir styttra þinghaldi, segir í greinargerð fyrir fjárlagafrv. Hér er sem fyrr um áætlaða fjárhæð að ræða, og verður það greitt er þinghaldið kostar, hvort sem það reynist meira eða minna. Rétt er það, að langt þinghald er óþarft, ef ríkisstjórnin er málefna-snauð og lætur stuðningsmenn sína setjast á nýtsöm mál, er frá öðrum koma, eins og nú á sér stað. Fyrir þjóðina skiptir mestu máli, hvaða störf Alþingi leysir af hendi hverju sinni, en ekki, hvort það kostar 100 þús. kr. meira eða minna.
4. Til stjórnarráðsins og utanríkisþjónustunnar er veitt á yfirstandandi fjárlögum 42 081 millj. kr., en samkvæmt fjárlagafrv. við 2. umræðu 41 851 millj. kr. Það er 230 þús. kr. lægri fjárhæð en er á fjárlögum nú. Sú upphæð, sem sparast við að hafa einn sendiherra í París, er notuð til að hækka við önnur sendiráð. T. d. hækkar kostnaður við sendiráðið í Kaupmannahöfn um 367 þús. kr., og er það mest launahækkun. Það er nánast tilviljun ein, eins og á málum er haldið nú, að fjárveitingin á fjárlagafrv. er aðeins lægri en á fjárlögum. En frekari aðgerðir þurfa að gerast til samdráttar í utanríkisþjónustu, áður en unnt verður að tala um sparnað, svo sem við leggjum til að gert verði.
5. Boðuð er breyting á skattalögum og framkvæmd þeirra. Gert er ráð fyrir, að af þessari breytingu geti orðið sparnaður um 2 millj. kr. Ekki verður með neinni vissu sagt, hvort svo kann að reynast, þar sem frv. um þetta efni hefur ekki verið lagt fram á Alþingi enn þá. Á hitt skal bent, að undir- og yfirs kattaneindir hafa kostað ríkissjóð aðeins 2.1 millj. kr. samkvæmt fjárlögum þessa árs, en skattstofur 6 millj. kr. Verkefnið mun ekki minnka með tilkomu söluskattsins, og ekki yrði það til að draga úr kostnaði, þó að öðrum aðilum, t. d. sveitar- og bæjarsjóðum yrði gert að greiða kostnað við framtöl, er ríkið greiðið nú, þó að á þann hátt yrði hægt að draga úr útgjöldum ríkissjóðs. Hér fer sem fyrr, að áætlaður sparnaður ríkissjóðs er étinn upp, því að 11. gr. fjárlaga lækkar aðeins um 369 þús. kr.
6. 13. gr. fjárlaga var ein af þeim tíu, er lækka áttu samkvæmt fjárlagafrv. Á nú-gildandi fjárlögum er hún að fjárhæð 154.56 millj. kr., en er nú samkv. fjárlaga-frv. við 2. umræðu 158 122 millj. kr. Sá sparnaður, sem þar var áætlaður, var að lækka framlagið til samgangna á sjó, þ. e. vegna rekstrar Skipaútgerðar ríkis-ins, um 5 millj. kr. frá fjárlögum og um 3.3 millj. kr. frá tillögum forstjórans. Vegna þess, að í ár fer fram flokkunarviðgerð á nokkrum skipum útgerðarinnar og þ. á m. 20 ára flokkunarviðgerð á Esju, sem kostar mikið fé og tíma, þá telur forstjórinn, að gera megí ráð fyrir hagkvæmari afkomu á næsta ári. Þótt öll rök hnígi að því, að afkoma Skipaútgerðarinnar ætti að vera mun betri næsta ár en nú, telur forstjórinn, að með engu móti sé unnt að gera ráð fyrir hagkvæmari fjárhagsniðurstöðu en hann gerir í tillögum sínum. Reynolds hefur sýnt, að tillögur hans hafa oftast verið nærri lagi, enda mun það ekki vera ástæðan fyrir lækkun, að þær séu rengdar. Hins vegar skýrði fjármálaráðherra frá því

í fjárlagaræðu sinni, að hingað hefði verið fenginn norskur sérfræðingur til að endurskoða rekstur skipaútgerðarinnar. Þessum sérfræðingi treystir ríkisstjórnin betur til að semja áætlun um strandferðir við Ísland, eftir að hann hefur dvalizt hér í 10—14 daga, en Íslendingum, sem starfað hafa að þessum málum í áratugi, og byggir hún sparnaðartillögur sínar á tillögum hans. Í þeim var m. a. gert ráð fyrir að selja m/s Esju, en m/s Hekla annaðist hringferðirnar ein og hefði aðeins viðkomu á þremur höfnum á leiðinni frá Reykjavík austur um land til Akureyrar og vörur yrðu fluttar frá þessum höfnum með umskipun til annarra hafna. Ríkisstjórnin hefur nú látið Íslendinga endurskoða þessar tillögur. Að visu tókst fjvn. ekki að fá álit þeirra í hendur, en þó er vitað, að þeir leggjast gegn áætlun sérfræðingsins, enda er álit þeirra byggt á meira raun-sæi. Von manna er, að ríkisstjórnin fallizt á ráð þeirra manna, er raunhæfa þekkingu hafa og meta þarfir þjóðarinnar fyrir þessar samgöngur. En til þess að málinu sé ekki stefnt í hættu fjárhagslega, verður að ætla meiri fjárhæð til rekstrarins á fjárlögum, og gerum við tillögu um hækkun frá fjárlagafrv. í samræmi við tillögur forstjóra skipaútgerðarinnar.

7. Til kirkjumála er veitt á yfirstandandi ári 13 392 millj. kr. Gert er ráð fyrir að lækka fjárveitingu til Skálholts um 150 þús. kr., en öll greinin lækkar um 109 þús. kr. Eðlilegra hefði verið að hækka framlag til kirkjubyggingasjóðs, sem þessari fjárhæð nemur, þar eð knýjandi nauðsyn ber til að bæta úr þörfum hans. Hefði það komið sér vel fyrir fátæka söfnuði, er standa að kirkjubyggingu, en skiptir hins vegar litlu máli fyrir afkomu ríkissjóðs.
8. Framlag til atvinnumála átti að lækka samkvæmt fjárlagafrv. um 5.1 millj. kr., en hefur hins vegar hækkað aftur í meðferð fjvn. um 7.4 millj., enda mun það ekki að skapi þingmanna að skera við nögl sér framlag til þeirra, og hafa þeir því knúið ríkisstjórnina til að leiðrétta nokkra stóra ágalla, er á frv. voru, þótt of lítið sé hér að gert. Tveir liðir voru á þessari grein, er fjármálaráðherra hafði mikinn áhuga á að spara á, og gerði hann mikið úr þeim áhuga sínum í fjárlagaræðunni. Voru þeir þessir: 1) Kostnaður við eyðingu refa og minka samkv. lögum. Refir og minkar hafa verið miklir skaðvaldar hér á landi, bæði í fé bænda, varplöndum og lax- og silungsvæði. Var þessi plága orðin svo mikið áhyggjuefni, að Alþingi taldi, að hefja yrði skipulagða herferð gegn þessum meindýrum, og var sett löggjöf um það 1957. Samkvæmt þeirri löggjöf var ríkissjóði gert að greiða verulegan hluta af kostnaði við útrýmingarstarfið. Ekki orkaði það tvímælis, að herferð sú, sem hafin var gegn þessum meindýrum, hefur borið árangur. Kom það fram í skýrslu veiðistjóra, er fjvn. barst. Væri það lítil búhnykkur, ef nú ætti að spara ríkissjóði 1.5 millj. kr. með því að slaka á veiðiherferð gegn þeim, en fórna svo margfalt meiri fjárhæðum í meindýrin af búpeningi og hlunnindum landsmanna og auk þess því, sem áunnizt hefur. Meðan lögum um eyðingu refa og minka er ekki breytt, verður ríkissjóður að greiða sinn hluta af kostnaði við eyðingu þessara meindýra, og þjóðin nýtur góðs af. 2) Kostnaður við jarðboranir á að lækka um 3.6 millj. kr. Ekki getur það heitið sparnaður, þó að ríkið leggi minna fé fram til að leysa úr læðingi verðmæti, svo sem þessum jarðborunum er ætlað.
9. 19. gr. fjárlaganna lækkaði fjármálaráðherra um 500 þús. kr., til þess að sparnaðargreinarnar gætu orðið 10. Hins vegar var vitað, að á greininni var of lágt áætlaður liður um allt að 15 millj. kr. Af þeirri upphæð hefur meiri hluti fjvn. aðeins tekið 7 millj. kr. nú.
10. 20. gr. lækkar um 5.1 millj. kr. Ástæðan er sú, að á 20. gr. fjárlaga hefur verið varið fé til eignarauka landssímans. Á núgildandi fjárlögum er varið 5.5 millj. kr. í þessu skyni. Á yfirstandandi ári hækkaði landssíminn tekjur sínar af sím-tölum og annarri þjónustu við landsmenn, og nú er honum ætlað að annast þessa uppbyggingu að öllu leyti sjálfum. Getur þessi ráðstöfun ekki talizt sparnaður. Þá er og gert ráð fyrir því að lækka framlag til að auka skipastól

landhelgisgæzlunnar með lántöku. Mun það þó almenn skoðun þjóðarinnar, að eðlilegt væri að greiða slíka framkvæmd án lántöku.

Við höfum í nál. okkar hér að framan gert grein fyrir 10 greinum á útgjaldahlíð fjárlaganna ásamt tekjuáætluninni. Í því sambandi höfum við rakið nokkuð sparnaðartillögur fjármálaráðherra, en þær voru, sem kunnugt er, uppistaðan í fjárlagaræðu hans í okt. s. l. Hefur hér að framan verið sýnt fram á, hversu haldlítið þetta sparnaðarhjal hefur reynzt.

Niðurstaðan af því, er að framan segir, er þessi:

Af 13 greinum á gjaldahlíð fjárlaganna, er tilheyra rekstraryfirliti, lækka 6 greinar um 1.8 millj. kr. samtals. Þar af lækkar áætlaður kostnaður vegna Alþingis um 1 millj. kr. Hins vegar hækka hinar 7 greinarnar um 91 millj. kr. samtals. Auk þessa lækkar svo framkvæmdafé á 20. gr. um 5 millj. kr. Hækkarnir umfram lækkanir verða því um 85 millj. kr.

Á þessu yfirliti sést, að fjárlagafrv. nú við 2. umræðu þess hefur hækkað um sem svarar 10 millj. kr. að jafnaði á mánuði frá afgreiðslu fjárlaga í marzmánaðarlök s. l. og þó rúmlega það.

Fjárlög yfirstandandi árs voru undirbúin í jan. s. l., og nú er upplýst, þó að það væri látið liggja í þagnargildi við afgreiðslu þeirra, að útgjöld voru miðuð við, að gengisbreytingin hefði verið gerð í byrjun ársins, en ekki í febrúarmánaðarlök, eins og gert var. Af þeim sökum eru fjárlög hærri nú en þörf var og ættu því ekki að hækka 1961 vegna rekstrar.

Fjárlög þessa árs hækkuðu um 356 millj. kr. frá fjárlögum ársins 1959 með sambærilegum samanburði milli þessara tveggja ára. Þegar tekið er tillit til þessa, vekur meira en litla furðu, að slík hækkun geti átt sér stað á fjárlögum næsta árs sem raun ber vitni um.

En meiri undrun vekur það þó og er nánast broslegt að heyra fjármálaráðherra vera með sparnaðarhjal, þegar hækkun fjárlaga fer með þeim hraða, að helzt minnir á kappakstur. Þá skal einnig á það bent, að ekki er ástæða til að ætla, að gjaldaliðir fjárlaga þessa árs séu oftaldir, nema síður sé. Nægir í því sambandi að benda á nokkra útgjaldaliði, sem upplýsingar liggja fyrir um, að áætla þurfi mun hærri en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir, eða óvíst er um, hvernig greiðslu þeirra verður fyrir komið. Má í því sambandi nefna útflutningsuppbætur á landbúnaðarafurðir, framlag til Skipaútgerðar ríkisins, refa- og minkaveiða, raforkumála, rekstrar jarðborana ríkisins, aukningar landhelgisgæzlu, skattaneftnda o. fl. Svo mikil óvissa er um útgjöld ríkissjóðs viðvíkjandi þessum liðum, að útgjöld gætu hækkað svo að jafnvel milljónatugum skiptir, þeirra vegna frá því, sem ráð er fyrir gert í fjárlagafrv. Hér er svo því við að bæta, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að sjá um greiðslu á tryggingagjöldum fiskiskipafлотans. Sagt er, að útflutningssjóður muni leggja til fé, a. m. k. að einhverju leyti, til þeirra útgjalda. Að vísu er allt nokkuð óljóst um fjárhag hans sem fyrr. Einnig er óvíst, hvað tryggingagjöldin geti numið hárrí fjárhæð. Hitt er þó sennilegt, að ríkissjóður muni verða að greiða einhverja fjárhæð vegna þeirrar ákvörðunar ríkisstjórnarinnar að taka uppbótakerfið í sína þjónustu að nýju.

Við höfum hér að framan gert grein fyrir afstöðu okkar til fjárlagafrv. í heild, lýst að nokkru þróun í fjármálum ríkisins síðustu árin og gert grein fyrir einstökum þáttum fjárlagafrv. og þeim veilum, sem við teljum felast í því. Munum við nú gera grein fyrir þeim breytingartillögum, er við berum fram við þessa umræðu, en áður viljum við gera frekari grein fyrir afstöðu okkar til fjárveitinga til framkvæmda.

Við afgreiðslu fjárlaga í fyrra gerðum við mjög margar og ítrekaðar tilraunir til að fá hækkun á framkvæmdafé, þ. e. fjárveitingum til vega, brúa, hafna, raforkumála o. fl., enn fremur aukinn stuðning við atvinnuvegina og rannsóknir í þágu þeirra. Allar þessar tillögur voru þá felldar, þó að stjórnarliðar gerðu þá

rád fyrir verulegum greiðsluafgangi. Ástæðan til þess, að við flytjum ekki þessar tillögur nú, er ekki sú, að okkur þyki nóg að gert í þessum málum. Það er fjarri sanni. Það er vegna þess, að við fengum þá staðfest viðhorf stjórnarliða til þeirra og ekki hefur orðið vart lugarfarsbreytingar í þeim efnunum. Það er því fyrir fram vitað um afdrif slíkra tillagna. Við hefðum viljað auka hlut fleiri málaflokka af fjárlagafé, ef við hefðum mátt ráða um afgreiðslu fjárlaga, eins og t. d. vísinda og lista. En auk þess sem öll slík tillögugerð er fyrir fram dauðadæmd vegna þeirrar forustu, er nú er á Alþingi, þá hefur samdráttarstefnan, sem er óskabarn þessarar ríkisstjórnar, keyrt fjármála- og athafnalíf þjóðarinnar í kút óvissu og getuleysis. Stefnubreyting í málefnum þjóðarinnar þarf að vera undanfari þess, að eðlilegt athafna- og framkvæmdatímabil geti hafizt á ný.

Tillögur okkar til útgjalda miðast því við það eitt að leiðrétta rangar áætlanir til að koma í veg fyrir, að þær verði notaðar til að draga úr þjónustu, er við teljum að þjóðin geti ekki án verið, og að öðru leyti miðast þær við að bæta úr brýnasta fjárskorti, þar sem atvinnulífinu stafar mest hætta af, t. d. með því að veita styrk til jarðræktarvélakaupa ræktunarsambandanna og leitar að nýjum fiskimiðum og til atvinnuuppbyggingar.

Þessum tillögum okkar ætlumst við til að verði mætt með samdrætti á rekstrar-útgjöldum ríkissjóðs, og munum við í því sambandi reyna á vilja stjórnarliða til nokkurs sparnaðar í ríkisrekstri. Því verður ekki trúað að óreyndu, að þeir verði ekki til samstarfs um svo lítinn samdrátt í ríkisrekstrinum sem við leggjum hér til.

Um 10. gr.

Lagt er til, að efnahagsmálaráðuneytið verði lagt niður. Kostnaður við það samkv. fjárlagafrv. er 319041 kr. Ekki hefur komið í ljós neitt gagn af stofnun þess, eins og áður er að vikið. Það verður að teljast eðlilegast, að hver ríkisstjórn ráði sérfræðinga, sem hún hefur sér til ráðuneytis um efnahagsmál, en henni verði ekki fengnir í hendur embættismenn til þeirra verka og það e. t. v. menn, sem á opinberum vettvangi hafa barizt fyrir stefnu, sem gæti verið ríkisstjórninni andstæð. Auk þess eru til stofnanir eins og hagstofan, Framkvæmdabankinn og Seðlabankinn, sem vinna að hliðstæðum verkefnum, og er óþarft og oft beinlínis skaðlegt, að margir vinni þannig að sama verkefni. — Einnig er lagt til, að annar kostnaður ráðuneytanna verði lækkaður um 0.5 millj. kr. Er ríkisstjórninni þannig gefinn kostur á að sýna sparnað í verki.

Utanríkisþjónustan: Lagt er til að fella niður sendiráðin í Kaupmannahöfn, Stokkhólmi og Osló. Gert er ráð fyrir, að þess í stað verði sett eitt sendiráð fyrir öll Norðurlöndin og ríkisstjórnin ákveði staðsetningu þess að athuguðu máli. Sparnaður við þessa breytingu er áætlaður á næsta ári 1 millj. kr. Þá er lagt til að lækka fjárveitingu til sendiráðsins í París um 0.5 millj. kr. Er þessi tillaga byggð á því, að sendiráðið í París verði eitt og annist þau störf, er þau tvö, er fyrir voru, önnuðust. Utanríkisþjónusta okkar er orðin svo kostnaðarsöm, að hjá því verður ekki komizt að draga úr þeim kostnaði. Sú litla tilraun, sem gerð er í þá átt nú með því að leggja til að hafa einn sendiherra í París, er veigalítill og meira en étin upp með auknum kostnaði við önnur sendiráð, svo að áhrifa hennar gætir ekki. Þjóðin hefur ekki efni á að halda uppi svo dýrri utanríkisþjónustu. Nauðsyn ber því til að breyta um stefnu. Eru því lagðar fram tillögur um byrjunina í þá átt. Frekari athuganir um samfærslu gætu komið til síðar. — Þá er einnig lagt til að draga úr kostnaði við utanfarir og sendinefndir á vegum ríkisins, þannig að hann lækki um 0.5 millj. kr.

Um 12. gr.

Lagt er til að fella vistheimilið á Kviabryggju niður. Sparnaður við það er áætlaður 0.9 millj. kr. Þeirri fjárhæð, sem til þeirrar starfsemi er varið, er að okkar dómi betur varið t. d. við leit að nýjum fiskimiðum. — Þá er og lagt til,

að kostnaður við eftirlit á vegum, 275696 kr., verði greiddur af tekjum bifreiða-
eftirlitsins, enda hefur það skilað mun meiri tekjuafgangi en þessi fjárhæð nemur.

Um 13. gr.

Lagt er til að hækka framlag til Skipaútgerðar ríkisins um 3.3 millj. kr. eða
eins og forstjórinn lagði til í sinni tillögu. Áður hefur verið gerð grein fyrir þessu
máli í nál. þessu, og vísast til þess.

Um 14. gr.

Lagt er til að hækka styrkinn til íslenzkra námsmanna erlendis um 750 þús. kr.
Tillaga þessi er fram borin vegna þess, að vitað er, að fjárhagserfiðleikar náms-
manna hafa vaxið mjög vegna efnahagsaðgerða ríkisstjórnarinnar á s. l. vetri.
Vitað er, að margir efnilegir námsmenn hafa þurft að hætta námi, og er hér gerð
tilraun til að koma í veg fyrir, að svo verði um fleiri.

Um 16. gr.

Lagt er til að hækka framlag til kaupa á jarðræktarvélum úr 1 millj. kr.
samkv. tillögu fjvn. í 2.3 millj. kr. Fjárveiting til kaupa á jarðræktarvélum hefur
fallið niður í 2 ár. Þá var fyrir hendi geymd fjárveiting frá fyrri árum. Nú hefur
henni verið eytt og meira en það. Ógreitt er framlag vegna tveggja véla, sem fluttar
voru inn á þessu ári. Ef tillaga okkar verður samþykkt, verður unnt að flytja til
landsins tvær vélar á næsta ári. Finnst okkur það algert lágmark. — Þá leggjum
við til, að fjárveiting til tilraunaráðs búfjárræktar hækki um 100 þús. kr. Tilrauna-
ráðinu er nauðsyn að fá þessa litlu fjárhæð, svo að starfsemi þess bíði ekki
hnekki. — Við leggjum og til, að tekinn verði upp nýr liður til ráðgefandi nefndar
um byggingu útihúsa í sveitum, 200 þús. kr. Þessi nefnd hefur ekki getað starfað
vegna fjárskorts. Hins vegar er mikil þörf á starfsemi hennar. Þessi fjárveiting
mundi nægja til þess, að nefndin gæti leyst af hendi eðlilegt og nauðsynlegt starf.

Lagt er til, að aukið verði framlag til að leita að nýjum fiskimiðum um 1
millj. kr. og til síldarleitar og fiskrannsóknna einnig um 1 millj. Hér er um svo
mikið nauðsynjamál að ræða, að því verður vart trúað, að við þessari beiðni verði
daufheyrzt. Auk þess hefur árangur af þessari starfsemi orðið mikill, og þjóðin
hefur ekki efni á að halda að sér höndum um aðgerðir í þessu efni.

Lagt er til, að fjárveiting til rannsókna í þágu atvinnuveganna verði aukin um
500 þús. kr. Er hér um að ræða aukið starfsfé til iðnaðardeildar og búnaðardeildar
og til fjárræktarbúsins á Hesti. Er hér aðeins lagt til að bæta úr brýnustu þörf,
svo að starfsemi þessi þurfi ekki að bíða mikinn hnekki vegna fjárskorts.

Um 19. gr.

Lagt er til að lækka liðinn „til óvissra útgjalda“ um 3 millj. kr. M. a. er gert
ráð fyrir, að dregið verði úr veizlum og öðrum slíkum kostnaði á vegum ríkis-
stjórnarinnar og fyllstu varfærni gætt um slík útgjöld. — Enn fremur er lagt til,
að liður um fyrningar, sem er 6 millj. kr., falli niður.

Um 20 gr.

Framlag til bygginga á jörðum ríkisins leggjum við til að hækki um 500 þús.
kr. Óloknað skuldbindingar munu nú vera á þriðju millj. kr. — Lagt er til, að
liðurinn til atvinnu- og framleiðsluaukningar hækki um 5 millj. kr. Eins og horfurn-
ar eru í atvinnumálum þjóðarinnar nú, þykir ekki ráðlegt að draga úr aðstoð ríkis-
valdsins við atvinnuuppbygginguna, heldur hið gagnstæða. Svipaðri fjárhæð var
varið til atvinnu- og framleiðsluaukningar á yfirstandandi ári og hér er lagt til
að gert verði. — Þá leggjum við til, að niður falli í þessari grein nýr liður til að
endurnýja bifreiðar ríkisstofnana, 800 þús. kr. Eðlilegt er, að slík gjöld teljist með
útgjöldum þeirra ríkisstofnana, er endurnýja bifreiðar sínar. Hins vegar eiga þau
ekki heima í eignahreyfingum ríkissjóðs.

Þær breytingartillögur, sem hér hefur verið gerð grein fyrir og við flytjum á sérstöku þskj., eru alls að fjárhæð sem hér segir:

| | |
|-----------------------------------------|-----------------|
| Til lækkunar á gjöldum ríkissjóðs | kr. 13694737.00 |
| Til hækkunar á gjöldum ríkissjóðs | — 13650000.00 |

Mismunur: lækkanir umfram hækkanir kr. 44737.00

Tillögur okkar, ef samþykktar verða, hafa því lítil sem engin áhrif á niðurstöðutölu fjárlagafrv.

Þegar ríkisstjórnin gerði þjóðinni grein fyrir „viðreisninni“, komst hún m. a. svo að orði um tilganginn: „Er það megintilgangur þeirrar stefnubreytingar, sem ríkisstjórnin leggur til, að framleiðslustörfum og viðskiptalífi landsmanna sé skapaður traustari, varanlegri og heilbrigðari grundvöllur en atvinnuvegirnir hafa átt við að búa undanfarin ár.“

Stefna ríkisstjórnarinnar, samdráttarstefnan, hefur verið framkvæmd í 9 mánuði. Engin tilraun hefur verið gerð til að trufla framkvæmd hennar. Áhrifa hennar gætir nú í vaxandi mæli, samt ekki á þann veg, er stjórnarliðar hugðu, heldur sem lömun á þjóðarlíkamanum. Vegna hennar ríkir nú meiri óvissa í atvinnu- og viðskiptalífinu en fyrr og meiri óvissa um afkomu ríkissjóðs á næsta ári en nokkurn tíma áður.

Við viljum að lokum endurtaka það, að aðeins með því að víkja frá stefnu ríkisstjórnarinnar, samdráttarstefnunni, getur þjóðin aukið framleiðslu sína og tekið aftur upp þróttmikið framkvæmda- og athafnalíf.

Alþingi, 3. des. 1960.

Halldór E. Sigurðsson, Halldór Ásgrímsson. Garðar Halldórsson.
frsm.